

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Umsókn um úthlutun á byggingarrétt á lóðinni við Skarhólabraut 3.

Í kjölfar samtals við Arnar Jónsson óskar GKH Bygg 700421-1980 ehf. eftir úthlutun á byggingarrétt á lóðinni við Skarhólabraut 3.

GKH Bygg væri byggingaraðili og myndi gera langtíma leigusamning við Gluggatækni 710817-1030 ehf sem myndi færa sinn rekstur úr Reykjavík yfir í Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir að byggja 1990,6 m² snyrtilegt hús úr yleiningum með skrifstofuhúsnæði úr álgluggum. Gluggatækni myndi nýta um helming hússins og selja/leigja út hinn helming undir annan léttan iðnað.

Gluggatækni er innflutningsfyrirtæki á gluggum, hurðum og öðrum tengdum byggingavörum. Fyrirtækið er í örum vexti og nam velta þess 781 milljón á árinu 2021 og stefnir í yfir 1000 milljónir á þessu ári. Starfsemi félagsins myndi falla undir léttan iðnað en gert er ráð fyrir að á lóðinni væru innpakkaðar pallettur með gluggum og hurðum sem myndu stoppa stutt í hvert sinn.

Á bak við fyrirtækin GKH Bygg og Gluggatækni standa bræðurnir Gunnar Guðjónsson lönrekstrarfræðingur, eigandi Gluggatækni með yfir 25 ára reynslu í framleiðslu og innflutningi glugga og hurða. Kristinn Guðjónsson, Rafvirkjameistari og Helgi Þór Guðjónsson, Tækni- og Verkfræðingur.

Allir hafa þeir búið í Mosfellsbæ í yfir 35 ár og sjá hag sinn í að vera með burðugt fyrirtæki í heimabæ.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Fyrir hönd GKH Bygg og Gluggatækni.
Gunnar Guðjónsson